

Samstarfshópur bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum

Alþingi

Erindi nr. P 118 / 277

komudagur 30/11 1994

Reykjavík, 29. nóv. 1994

Menntamálanefnd Alþingis
c/o Sigríður Anna Þórðardóttir, formaður
Alþingi, Kirkjustræti
101 Reykjavík

Á fundi *Samstarfshóps bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum* sem haldinn var í Flensborgarskólanum, Hafnarfirði þann 24. nóv. sl. var m.a. rætt um *Frumvarp til laga um framhaldsskóla* (iagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994-1995).

Fundarmenn lýstu ánægju sinni með viðbrögð við bréfi til menntamálaráðherra frá 6. maí sl. (sjá meðfylgjandi bréf), en bentu jafnframt á að starfsheitið "skólasafnvörður" kemur tvisvar fyrir í 11. gr. frumvarpsins (sjá bls. 3). Viljum við hér með vinsamlegast koma á framfæri að þetta starfsheiti getur orkað tvímælis í lagatexta því það virðist aðallega notað um þá sem ljúka 30 eininga námi í bókasafns- og upplýsingafræði (sbr. Kennsluskrá Háskóla Íslands 1994-1995, bls. 446). Meiri hluti þeirra sem til þessa hafa lokið þessu námi hafa verið kennarar á grunnskólastigi.

Á nær öllum bókasöfnum framhaldsskólanna vinna bókasafnsfræðingar ("bókasafnsfræðingur" er lögverndað starfsheiti) og aðstoðarfólk með mismikla menntun. Bókasafnsfræðingarnir hafa í mörgum tilfellum viðbótarmenntun í uppeldis- og kennslufræði. Fundarmenn voru ennfremur sammála um að starfsheitið "skólasafnvörður" gefi villandi hugmyndir um starfssvið þeirra sem vinna á bókasöfnunum sem felst aðallega í skipulagningu og miðlun upplýsinga.

Viljum við vinsamlegast benda á að betur fer á að nota á báðum stöðunum í 11. gr. frumvarpsins "starfsfólk bókasafna" í stað "skólasafnverðir" eins og nú er, enda er gert ráð fyrir í lögnum (sbr. 11. gr.) að ákvæði um menntun og starfssvið starfsfólks á bókasafni verði sett síðar í reglugerð.

Með kveðjum og óskum um jákvæðar undirtektir,

F.h. Samstarfshóps bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum

Ásdís H. Hafstað
Bókasafni
Menntaskólans við Hamrahlíð

Þórdís T. Þórarinsdóttir
Bókasafni
Menntaskólans við Sund

Reykjavík, 6. maí 1994

Hr. Ólafur G. Einarsson
menntamálaráðherra
Menntamálaráðuneytinu
Sölvhólgötu 4
101 Reykjavík

Á fundi Samstarfshóps bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum sem haldinn var í Menntaskólanum við Sund þann 27. apríl sl. var m.a. rætt um *Frumvarp til laga um framhaldsskóla*.

Hvað umfjöllun um bókasöfn snertir voru fundarmenn almennt ánægðir með frumvarpið og þá viðurkenningu sem uppbygging bókasafna fær í *Greinargerð með frumvarpinu* (sjá XI. kafla).

Á hinn bóginn komu fram á fundinum athugasemdir við starfsheitið "skólasafnvörður" sem fram kemur í XI. kafla greinargerðarinnar. Viljum við hér með vinsamlegast koma á framfæri að starfsheiti okkar er "bókasafnsfræðingur". Við teljum að starfsheitið "skólasafnvörður" gefi villandi hugmyndir um starfssvið okkar sem felst aðallega í miðlun upplýsinga.

F.h. Samstarfshóps bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum

Ásdís H. Hafstað
Bókasafni
Menntaskólans við Hamrahlíð

Þórdís T. Þórarinsdóttir
Bókasafni
Menntaskólans við Sund